

# Heimsins besta heilbrigðiskerfi

Eftir Sölva Jónsson

Mig langar að segja söguna af samskiptum mínum við „besta“ heilbrigðiskerfi í heimi:

Ég fór í hnéaðgerð hjá lækni í Orkuhúsinu árið 2007 vegna gruns um liðþófaáverka. Aðgerðin fór mjög illa. Eg vaknaði með miklu meiri verki en var sagt að liðþófinn hefði verið heill. Læknirinn fjarlægði einhverjar fellingar á brjóski sem voru örugglega ekkert að trufla mig. Ég hitti hann aftur eftir aðgerðina og lýsti fyrir honum hvað ég væri kvalinn. Hann hlustaði lítið á mig, það var eins og þetta ætti að vera eðlilegt stuttu eftir aðgerð, og skrifaði upp á parkóðin. Það virkaði ekkert og ekki minnkuðu verkirnir þegar frá leið.

Annar læknir í Orkuhúsinu sagði að það væri búið að gera fyrir mig það sem hægt væri og vísaði mér frá. Ég lagðist fimm vikur síðar inn á geðdeild vegna þunglyndis og talaði við þrjú geðlækna um hnéð sem var að sjálfsögðu komið upp í hausinn. Enginn þeirra stakk upp á því að eitthvað kynni að hafa misfarist í aðgerðinni. Einn spurði hvort ég teldi að verkirnir væru huglægir. Annar sagði að ég þyrfti sennilega að lifa með þessu, ef það væri þá hægt. Það situr enn í mér.

Ég fór í aðra rannsókn sem sýndi það sama og sú fyrri, hugsanlega eitthvað að liðþófanum. Þarna hefði ég átt að taka völdin og finna þriðja bæklunarlækninn, en ég var orðinn hræðilega þunglyndur. Það var búið að telja mér trú um að ekkert væri hægt að gera fyrir mig og ég trúði því ekki að lækni gæti yfirsést svona nokkuð í aðgerð. Í staðinn hélt ég



Sölvi Jónsson

mig við sjúkrahjálfun og leitaði í alls kyns óhefubundið. Ekkert hjálpaði, heldur ekki Con-talgin og morfínplástrar sem heimilislæknirinn skrifaði upp á. Kannski sem betur fer, annars væri ég pillufíkill í of-análag. Ekki stakk hann upp á því að þetta væri óeðlilegt ástand eftir hnéaðgerð. Passa ekki læknar upp á lækna?

## » Um læknastök í hnéaðgerð í Orkuhúsinu sem leiddi til þess að ég varð alvarlega bakveikur.

Þegar ég svo loksins var kominn til þriðja bæklunarlæknisins var ég í of-análag orðinn sárkvalinn í bakinu sökum misbeitingar. Hann sendi mig í beinaskann þar sem sást gat á liðþófanum og í aðgerðinni reyndist liðþófinn ríffinn á tveimur stöðum. Þetta átti að sjást í fyrri aðgerðinni! Fjórum mánuðum síðar var mér boðið pláss á Reykjalundi, sem er það versta sem hefur fyrir mig komið á eftir misheppnuðu aðgerðinni. Þangað mætti ég í mjög viðkvæmu ástandi bæði í baki og hné og var án tillits til forsögunnar settur í þungstu vatnsleikfíminu og tækjasal á hverjum degi. Ég þoldi ekki æfingaálagið og fór inn í jólafríð mun verri í bakinu. Þegar ég kom til baka eftir áramótin átti ég fund með yfirlækninum á Verkjasvíði, hjúkrunarfræðingi og sjúkrahjálfa til að lýsa ástandi mínu. Sjúkrahjálfafrin hélt sig við fyrri prógramm og var einráður í þeirri ákvörðun. Þegar mér versnaði svo enn meira í bakinu, sagði hann

mér samt að halda áfram sömu þungu æfingunum. Hversu faglegur í starfi er sjúkrahjálfi sem ekki tekur tillit til framvindu skjólstæðings síns? Ég hef svo mátt erfa það við sjálfan mig að hafa sett allt mitt traust á hann.

Eftir sjö vikur á Reykjalundi var mér skilað til baka óvinnufærum og sárkvöldum í bakinu og á þeim reit var ég í yfir ár! Ég gekk á milli sjúkrahjálfa og kírópraktora uns mér var vísað á sjúkrahjálfa sem tókst að hjálpa mér. Ástandið á mér er allt annað í dag en ég hef samt mátt þola endurtekin slæm bakverkjaköst og verki í hné og ljóst að ég þarf að glíma í einhverri mynd við afleiðingarnar af mistökum læknisins í Orkuhúsinu og sjúkrahjálfafrans á Reykjalundi út lífið. Lífið hefur bara verið endurhæfing og kostnaðurinn við að reyna að koma mér í lag, fyrir utan örorku og vinnu-tap, er nálægt tveimur milljónum.

Snúum okkur þá að Landlækni. Í svarbréfinu við kærnu minni var talið líklegt að læknirinn hefði ekki séð skemmdina á liðþófanum og þetta kallað „óheppilegt“, ekki „mistök“. Þetta orðalag hefur nægt til að tveir lögfræðingar hafa vísað málinu frá sér og nú er það komið til þess þriðja sem hefur þó svo lítið sem sent inn umsókn til Sjúkratrygginga fyrir mig. Þegar kemur neikvætt svar þaðan, sem er nánast öruggt, er ég ekki vongóður um að lögfræðingurinn vilji taka málið að sér. Þannig stend ég trúlegast uppi bótalesa.

Framkoma heilbrigðiskerfisins við mig hefur verið með ólíkindum og ég velti því fyrir mér hversu mörg við erum sem höfum orðið fyrir barðinu á vanhæfni, ábyrgðarleysi og yfirhyllingu íslenska heilbrigðiskerfisins.

Höfundur er félagsliði.

# Foreldra-samstarf hefur forvarnargildi

Eftir Önnu Margrétí Sigurðardóttur

Strax við upphaf grunnskólagöngu barns geta foreldrar lagt grunninn að nauðsynlegu samstarfi sín á milli sem hefur mikið forvarnargildi þegar fram í sækir. Samstaða foreldrahópsins skiptir miklu máli. Það að foreldrar í bekkjardeild geri með sér foreldrasáttmála og ræði sín á milli um þau gildi sem þar koma fram og sameinist um það að setja börnum sínum skýr mörk og styðji þannig hverjir aðra í uppeldishlutverkinu getur skipt sköpum. Strax á fyrsta ári barns í grunnskóla varða foreldrar veginn að áframhaldandi samstarfi. Á samstarfið reynir yfirleitt mest á unglingsárunum þegar hópþrýstingur og utanaðkomandi áhrif sækja stíft á.

Heimili og skóli, landsamtök foreldra, hafa í gegnum árin unnið að forvörnum með því að leggja fram Foreldrasáttmálann, efla bekkjarstarf og stuðla að foreldrarölti eins og fram kemur á heimasíðu samtakanna. Allt er þetta liður í því að virkja sam-takamátt foreldra.

Komið hefur fram að í skólum þar sem virkt foreldrasamstarf er og foreldrar þekkja innbyrðis og þekkja félag barna sinna eru minni líkur á áfengisneyslu og meiri líkur á góðum námsárangri. Þessi árangur er óháður því hvort foreldrar hvers barns eru virkir í foreldrahópnum. Þátttaka foreldra í foreldrasamstarfi skilar sér ekki einvörðungu til okkar eigin heldur til alls nemendahópsins. Þannig er það foreldrahópurinn sem dregur vagninn öllum nemendum til heilla. Þetta dregur úr líkunum á að einstaka nemendur stundi óæskilega hegðun og hafi neikvæð áhrif á hópinn. Jákvætt eftirlit foreldra, tengsl foreldra við börnin sín, stuðningur þeirra og samvera með börnum sínum eru allt þættir sem minnka líkurnar á því að unglingar fari út í óæskilega hegðun en stuðla jafnframt að því að þeim líði vel. Virkir foreldrar eru mikilvæg forvörn og gera skólann



Anna Margrét Sigurðardóttir

og samfélagið að betri stað fyrir börn að alast upp í.

Átaks- og fræðsluverkefnið Bara gras, sem haldið var að til-stuðlan FRÆ (Forvarnir.is) víðsvegar um landið, er dæmi um vel heppnað hvatningarfamtak þar sem samtök foreldra, skól-ar, heilsugæslan og lögreglan sameinuðust um fræðslu til foreldra

## » Þátttaka foreldra í foreldrasamstarfi skilar sér ekki einvörðungu til okkar eigin barna heldur til alls nemendahópsins.

á hverjum stað á þeirra eigin forsendum. Þar voru foreldrar upplýstir um stöðu mála í heimabyggð og vaktir til vitundar um það sem er að gerast í nærumhverfinu.

Í rannsóknum hefur komið fram að áhættuþættir fíkniefnaneyslu ungmenna eru: Aðgengi að fíkniefnum, áfengisneysla, ef vinir eru fíkniefnaneytendur, ef námi hafi verið hætt og atvinnuleysi. Verndandi þættir eru aftur á móti: Góð efnahagsleg staða, góð samskipti við foreldra, að búa hjá báðum foreldrum og að nemandi finni sig innan skólakerfisins en þetta kom fram í erindi Jóhönnu Rósu Arnardóttur sem flutt var á Náum áttum fundi 28. september sl.

Í framhaldsskólum gegna forvarnarfulltrúar lykilhlutverki. Mikill og góður árangur hefur náðst í forvörnum en ekki má sofna á verðinum. Það er mikið áhyggjuefni hversu stór hluti nemenda byrjar sína fyrstu áfengisneyslu sumarið eftir grunnskólalok og í byrjun framhaldsskóla. Þarna virðast foreldrar slaka aðeins á í eftirlitshlutverki sínu og gefa eftir. Foreldrar bera ábyrgð til 18 ára aldurs. Neysla áfengis er bönnuð öllum þeim sem eru yngri en tuttugu ára. Rannsóknir hafa sýnt að hvert ár sem barn nær að fresta því að hefja áfengisneyslu skiptir máli. Umræðan um 18 ára ábyrgð undanfarin ár hefur skarast við ýmsar hefðir sem hafa verið ríkjandi og þá aðallega á landsbyggðinni. Þó svo að dregið hafi úr því víða á síðustu árum eru enn haldin 16 ára böll eins og t.d. þorablót. Á þessum skemmtunum er áfengi ekki afgreitt en neysla þess engu að síður leyfð. Undir þessum kringumstæðum skemmta börn sér með sér miklu eldra fólk.

Yfirskrift vinnuvarnarkvinnar 23.-30. október nk. er: Virðum rétt barna til að lifa án áreitiss áfengis eða annarra vímuefna. Samkvæmt 33. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna. Virðum þennan rétt barna og landslög.

Höfundur er lyfjafræðingur og er formaður svæðisráðs foreldrafélaga í Fjarðabyggð og stjórnarmaður í Heimili og skóla, landsamtökum foreldra.



SÉRBLAÐ

MEÐAL EFNIS:

Vetrarklæðnaður

Góðir skór fyrir veturinn

Krem fyrir þurra húð

Flensuundirbúningur

Ferðalög innan- og utanlands

Bækur á köldum vetrardögum

Námskeið og tómstundir í vetur

Hreyfing í vetur

Bíllinn undirbúinn fyrir veturinn

Leikhús, tónleikar ofl..

Skíðasvæðin hérlendis.

Mataruppskriftir.

Ásamt fullt af öðru spennandi efni

# Vertu viðbúinn vetrinum

Morgunblaðið gefur út glæsilegt sérblað **Vertu viðbúinn vetrinum** föstudaginn 21.október

ÞÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA: Fyrir kl. 16, mánudaginn 17. október.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR: Katrín Theódórsdóttir Sími 569 1105 kata@mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

 **Kimmidoll á Íslandi**



Ryoko „Elegant“

Ármúla 38

mbl.is

vinsælasti vefurinn